

# Geðhjálp í nýju húsnæði

**GEÐHJÁLP** opnar í nýju húsnæði að Veltusundi 3b í Reykjavík á morgun, laugardag, og býður gestum þangað.

Í frétt frá Geðhjálp segir að starfsemin á nýja staðnum verði með svipuðum hætti og áður, opið hús á laugardögum og sunnudögum og á fimmtudagskvöldum. Skrifstofan er opin síðdegis á miðvikudögum.